



Elkem Ísland ehf.
Jón Viðar Sigurðsson
Grundartanga
301 Akranes

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 20. júlí 2020
Tilv.: UMH20060128/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 22. júní 2020 um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf., Grundartanga vegna innflutnings, móttöku og meðhöndlunar eldhúðar frá Finnlandi. Fram kemur í erindinu að Elkem Íslandi ehf. hafi áður verið veittar tímabundnar undanþágur til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla eldhúð frá Finnlandi. Fram kemur í erindi til ráðuneytisins hinn 3. júní 2016 að eldhúðin sé skilgreind sem úrgangur samkvæmt finnskum reglugerðum og því sé um að ræða viðbótarleyfi við úrgangskafla í starfsleyfi fyrirtækisins. Eldhúð sé einnig flutt inn frá m.a. Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Í þeim tilfellum sé hún hins vegar ekki skilgreind sem úrgangur. Tilraunir með eldhúð sem flutt hafi verið inn hafi gengið vel og forsendur við endurnýtingu séu þær sömu og fram komi í gögnum sem send voru ráðuneytinu 2016.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I–IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Ráðherra er heimilt samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matskyldu starfseminnar, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar með afriti á Heilbrigðisnefnd Vesturlands.

Umsögn Umhverfisstofnunar barst ráðuneytinu 15. júlí 2020. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að rekstraraðili hafi áður fengið tímabundnar undanþágur til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla eldhúð frá Finnlandi. Eftir reglubundna endurskoðun á starfsleyfi Elkem Íslands ehf. hafi rekstraraðila verið gert að sækja um nýtt starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun. Unnið sé að nýju starfsleyfi þar sem fyrirhugað sé að móttaka og meðhöndlun á eldhúð sem skilgreind er sem úrgangur verði heimiluð. Móttaka umsóknarinnar hafi verið staðfest með bréfi 5. mars 2018 og umsóknin metin fullnægjandi. Rekstraraðili hafi einnig með annarri umsókn sótt um breytingu á starfsleyfi til að hægt verði að breyta þessu atriði einu og sér óháð öðrum breytingum. Umhverfisstofnun gerir hvorki athugasemdir við fyrirkomulagið né að undanþága verði veitt.

Í ljósi framangreindrar umsagnar Umhverfisstofnunar, upplýsingar í bréfi Skipulagsstofnunar til Umhverfisstofnunar hinn 28. febrúar 2018 um að endurnýjun starfsleyfis kalli ekki á endurnýjað mat á umhverfisáhrifum, Umhverfisstofnun hefur metið starfsleyfisumsóknina sem hér um ræðir

fullnægjandi og í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 500/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit fellst ráðuneytið á að veita Elkem Ísland ehf., Grundartanga tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til að flytja inn, taka á móti og meðhöndla allt að 5.000 tonn af eldhúð frá Finnlandi að því tilskildu að fyrirtækið uppfylli að öðru leyti ákvæði starfsleyfis fyrir iðjuver Elkem Ísland ehf., Grundartanga sem Umhverfisstofnun gaf út 20. ágúst 2009 og lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda. Jafnframt skal tryggja að efniseiginleikar eldhúðarinnar sem á að meðhöndla séu ekki lakari en gögn sem umsókn um undanþágu frá 2016 gáfu til kynna. Umhverfisstofnun getur í eftirliti viðhaft eftirlit með efniseiginleikum eldhúðarinnar.

Undanþága þessi gildir til þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó ekki lengur en til 1. maí 2021. Ráðuneytið beinir því til fyrirtækisins og Umhverfisstofnunar að leggja áherslu á að vinnu við breytt starfsleyfi verði lokið fyrir þann tíma.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsvæði sínu.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Hafsteinn Pálsson

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Vesturlands